



2012-2013

# Ársskýrsla Heilsuleikskólans Holtakots



Ragnildur Skúladóttir, leikskólastjóri

Garðabær, október 2013

2012-2013

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1	1
Innra starfið .....	2	
Mat á innra starfi leikskólans 2012-2013 .....	2	

## Efnisyfirlit

Innra starfið

Mat á innra starfi leikskólans 2012-2013

Gönguferðir

Hreyfing

sundkennsla

Markviss málörvun

Lesmál

Verkefni elstu barnanna

Sumarstarf elstu barnanna

Brúum bilið / samstarf leik og grunnskóla

Grænfáninn

Uppbyggingarstefnan

Foreldrasamstarf

Starfsmannahald

Fjöldi barna

Sérkennsla

Nýbreytni

Virk

Innleiðing aðalnámskrár

## Inngangur

Viðkomandi ársskýrsla tekur til skólaársins 2012 – 2013. Ekki verða raktir allir atburðir skólaársins, en yfirlit yfir þá má sjá á meðfylgjandi skóladagatali. Einnig verður atburðum/þáttum sem teljast til nýjunga í skólstarfinu gerð skil. Tölulegar upplýsingar s.s. barnafjöldi, stöðugildi og starfsmannafjöldi eru einnig með.

## Heilsuleikskólinn Holtakot

Holtakot var vígt 28.apríl og mættu fyrstu börnin 2.maí 2006. Til að byrja með voru opnaðar tvær deildir og svo fljótlega sú þriðja. Kirkjan var með aðstöðu á fjórðu deildinni í 3 ár. Árið 2009 var svo fjórða deildin tekin í notkun og hefur verið starfandi hér fjöggra deilda skóli síðan þá. Barnafjöldi í Holtakoti eru yfirleitt í kringum 80 börn og hafa verið börn í skólanum frá 12 mánaða til 6 ára. Þegar skólinn opnaði voru bara börn sem voru eins og tveggja ára, þar sem eldri börnin voru í leikskólanum sem búin að vera heimaskóli bæjarfélagsins í yfir tuttugu ár. Það tók okkur um þrjú ár að jafna aldur sí skólanum en sumir árgangar urðu ójafnir þar sem við tókum svo ung börn inn. Leikskólinn er opinn frá kl. 07:30 - 17:00. Foreldrar geta valið um mislangan dvalartíma frá fjórum upp í níu klukkustundir. Leikskólinn er opinn allt árið og er þetta fyrsta sumarið sem við göngum inn í þá breytingu við að verða Garðabær.

## Innra starfið

Innra starf leikskólans er afar fjölbreytt og er metnaður starfsfólk mikill og alltaf vilji til að bæta sig og gera betur. Við leggjum mikla áherslu að efla okkur í þeim þáttum sem við gefum okkur út fyrir að vinna að sem er Heilsustefna, Uppbyggingarstefnan og Grænfáninn.

## Mat á innra starfi leikskólans 2012-2013

Mat á innra starfi leikskólans er bæði formlegt og óformlegt, við erum að reyna að bæta okkur í að vera duglegri að skrá niðurendurmat en oft kemur fyrir að endurmat er bara í yfirfærslu i umræðum. Allt endurmat er af hinu góða og vekur fólk til umhugsunar og gagnrýnnar hugsunar. Þetta er ungur skóli og með meiri festu starfsmanna kemur meiri skipulag á vinnuferli skólans. Á vorin förum við yfir hvern lið og metum hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara.

Mikill veikinda fjarvera hefur sett strik sinn í reikning þegar standa á við allt sem var ákveðið og hefur það samt náðst að vinna það upp. En við erum með mikið að ungu fólki í vinnu með ung börn sem hefur áhrif á fjarveru starfsmanna.

## Heimasíða leikskólans

Við fengum okkur nýja heimasíðu árið 2012 þar sem foreldrar og starfsfólk voru mjög óánægðir með heimasíðuna sem fyrir var og mikið vesen að vinna með hana.

Foreldrafélagið fór þá leið eftir skoðun með könnun hjá foreldrum og umræðum hjá foreldraráði að bæta þurfti heimasíðuna og ákveðið var að hækka gjaldið hjá foreldrafélaginu og reka síðuna sjálf. Í dag finnst fólki að hún sé skemmtileg og aðgengileg og foreldrar ákaflega sáttir með síðuna bæði hvað varðar að fylgjast með myndum af börnunum í leik og starfi og fréttum um hvað verið er að gera í daglegu starfi.

## Mat á ýmsum áætlunum

(starfsáætlun, aðgerðaáætlun skólalæpis, áhættumat, matsáætlun)

Umhverfisnefndin er búin að standa sig vel þennan vetur og nú er næsta skref að allir innan leikskólans séu virkir þátttakendur í umhverfisvinnunni en stór hluti er með en virkja þarf fleiri alla leið. Æskilegt væri að hafa leiðbeiningar um líkamsbeitingu og vinnustellingar í móttökuáætlun nýrra starfsmanna. Gera betur í því að draga úr hávaða í umhverfinu t.d. með mottum og borðdúkum. Nauðsynlegt er að fá vinnustóla á deildir fyrir starfsmenn. Mikilvægt er að skoða með að fá ný borð þar sem borðin eru úr sér genginn og skapast hætta af þeim. Bæði flísast úr þeim og skrúfur á fótum eru alltaf að losna og jafnvel orðnar forskrúfaðar. Einnig þurfum við að slípa enn betur á Uppbyggingarstefnunni þar sem allur okkar tími hefur farið í námsskránnu eftir að starfsmannafundur komu inn. Einnig þarf að gera starfsmönnum ljóst að starfsáætlun leikskólans er á ábyrgð allra, hún sé sýnilegt lifandi plagg og allir þekki innihald hennar.

## Hreyfing

Hreyfing er markviss allt skólaárið elstu tveir árgangarnir fara í sal í íþróttahúss Álftaness einu sinni í viku yfir vetrartímam og öll börn leikskólans fara í skipulagða hreyfistund í sal leikskólans. Yfir sumartímam færast tímarnir út í útiveruna og er farið í gönguferðir eða sett upp stöðvar úti.

Gönguferðir eru farnar 1 x viku allan ársins hring á elstu barna deildu en yngri deildirnar fara eftir veðurfari á veturnar en fara markvisst á sumrin. Farið er á ýmsa staðin innan bæjarfélagsins m.a í hesthúsið, hestar, kisur og hænur skoðaðar. Mikið er farið í fjöruna, gengið á leikvelli bæjarins og svo nánasta umhverfi

Frá áramótum 2012 /2013 byrjuðum við að bjóða upp á sundkennslu fyrir tvo elstu árganga skólans en var það val þar sem við keyptum þjónustu lærðs kennara og borguðu foreldrar sjálfir ef þeir höfðu áhuga á þessu. Öll börn í elsta árgangi vorum með og 4 í næsta árgangi fyrir neðan. Markmið með þessu var að gera þau örugg í íþróttamannvirkinu fyrir skólagöngu, geta séð um sig sjálf í fataklefa s.s. klætt í og úr án aðstoðar og þora ofan í án þess að vera vatnshrædd. Þetta fór algerlega langt fram úr vonum og vorum börnin löngu búin að ná þessu auk þess að flest vorum komin með lokið í fyrsta sundstiginu. Næsta vetur ætlum við að halda þessu inni og þá fyrir elsta árganginn sem hluta að eldri barna starfi auk þess að þetta verður foreldrum að kostnaðarlausu þar sem við erum komin með menntaðan íþróttakennara í hús. Það fyrst okkur vera frábært og ramma betur inn að efla Heilsustefnuna sem við leggjum áherslu á.

Í sumarstarfinu er lagt markvisst upp með að kynna sem flestar íþróttir fyrir börnunum og farið með elstu börnin á körfuboltaæfingu, handboltaæfingu, frjálssar, fótboltaskólann, fimleikar, þrautabraut og fleira í þeim dúr til að þau finni hvar þeirra áhugasvið liggur.

Stefnan á komandi skólaárið er að koma inn markvissri hreyfingu hjá starfsmannahópnum sem hluta að liðsheild og vinnu. Er í gangi núna að koma með hugmyndir hvað við viljum gera. T.d eins og að fara í einn kaffitíma og nota hann til göngu í kringum hádegisd, spurning að stofa hlaupahóp, eða brennó og fleiri skemmtilegar hugmyndir í gangi.

## Verkefni elstu barnanna

Hefur ávallt verið í föstum skorðum hjá okkur og í mikilli samvinnu við Krakkakot og Álftanesskóla, en næsta vetur förum við inn í vinnubók sem leikskólar í Garðabæ bjuggu til þar sem settar erum upp skipulagðar stundir og ætlum við að tengja það saman við það sem erum að gera í dag

## Brúum bilið / samstarf leik og grunnskóla

Samstarf leik- og grunnskóla á Álftanesi.

Frá árinu 2009 hefur verið mikil samvinna leikskólanna við Álftanesskóla sem byggist á markvissri samvinnu við skólann allt skólaárið. Kennarar skólastiganna hittast reglulega og skipuleggja veturinn og þannig byggist samstarfið upp með hag barnanna að leiðarljósi. Álftanesskóli skipar tengilið frá sé við leikskólana og var Auður Björgvinsdóttir tengiliður við upphaf núgildandi samstarfs, en tengiliður síðustu tveggja ára er Guðfinna Aradóttir leik- og grunnskólakennari.

Haldnir eru skilafundir á hverju vori um barnahópinn sem hefja skólagöngu sína í Álftanesskóla að hausti, sérþarfir barna ef þær eru til staðar og komið er með tillögur um samsetningu barnahópsins. Öllum gögnum um barnið sem kunna að gagnast grunnskólanum fyrir áframhaldandi velferð og kennslu barns er skilað til grunnskólans. Einnig niðurstöðum Hljóm-2 prófana.

Ef flutningur barna á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel. Frá árinu 2009 hefur verið formleg samvinna milli skólanna og er markmiðið að:

- Tengja skólastigin saman
- Skapa samfellu í námi og kennslu barna / nemenda á þessum tveimur skólastigum
- Stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- Skapa farveg milli miðlun upplýsinga milli skólastiga
- Auka skilning og þekkingu á starfi kennara á hvoru skólastigi
- Persónuupplýsingar sem liggja fyrir um barn og eru nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun þess skulu fylgja barninu í grunnskólann samkvæmt 16.gr. laga um leikskóla nr. 90/2009. Slíkar upplýsingar eru settar fram á skilafundi milli skólastiga sem eru á vorin. Jafnframt er foreldrum skylt að veita upplýsingar um barnið sitt sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess. Meðferð slíkra mála er í samræmi við persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

**Skipulag samstarfs er með eftirfarandi hætti:**

- Kennarar beggja skólastiga hittast að hausti og leggja línur fyrir veturinn
- Elstu börn Krakkakots og Holtakots fara í sameignlega vettvangsferð að hausti og aðra eftir áramót.

- Elsti hópur leikskólanna fer í fyrstu heimsókn í Álftanesskóla að hausti og fær að skoða skólann og hitta stjórnendur
- Elsti hópur fær að taka þátt í myndlistartíma í Álftanesskóla
- Elsti hópur fær að taka þátt í tónlistartíma í Álftanesskóla
- Elsti hópur fær að heimsækja stærðfræðistofuna í Álftanesskóla
- Elsta hóp boðið á helgileik í desember
- Elsti hópur beggja leikskólanna fara í heimsókn
- Elsta hóp boðið að vera þátttakendur í kennslustund í fyrsta bekk
- Nemendur í 1. bekk Álftanesskóla koma í heimsókn á gömlu deildina sína í leikskólanum
- Álftanesskóli leggur leikskólanum til bókina Kátt er í Kynjadal (stærðfræðiverkefni) sem er unnið með í elsta hópnum
- Elsti hópur í Holtakoti heimsækir elsta hóp á Krakkakoti í febrúar
- Nemendur úr 4 bekk koma á leikskólana og lesa fyrir leikskólabörn
- Elsti hópur í Krakkakoti heimsækir elsta hóp í Holtakoti í mars
- Elsti hópur leikskólanna heimsækir frístund í apríl
- Farið verður í sameiginlega útskriftarferð að vori. Undanfarin tvö ár hefur Lionsklúbbur Álftaness skipulagt ferðina og borið allan kostnað í samráði við leikskólastjórnendur
- Elsti hópur heimsækir Álftanesskóla að vori (vorskóli), hittir stjórnendur og kennara. Í þessari heimsókn fara börnin með mynd af sér og hengja á skólatré sem ber yfirskriftina „Nemendur sem byrja í Álftanesskóla haustið 2012“.
- Kennarar beggja skólastiga hittast og meta árangur af samstarfi vetrarins.
- Skilafundur í maí: Í nágildandi lögum um leikskóla er þess getið að persónuupplýsingar um barn í leikskóla sem nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskóla, skulu fylgja barninu í grunnskóla enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Markmiðið með upplýsingamiðluninni er að tryggja að byggt sé á fyrra námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskóla og að aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið

#### **Sumarstarf fyrir verðandi nemendur Álftanesskóla.**

- Undanfarin tvö sumur hefur Íþróttá og tólmstundarfulltrúi undirbúið sumarnámskeið fyrir elsta hóp leikskólanna sem er valkvætt fyrir foreldra að senda börn sín á. Greitt hefur verið fyrir námskeiðið eins og leikskólagjald. Börnin hafa haft aðsetur í frístund, farið

vettvangsferðir í skólastofur og borðað í matsal skólans (maturinn hefur verið eldaður í leikskólunum). Námskeið þessi hafa mælst mjög vel fyrir hjá bæði börnum og foreldrum.

## Foreldrar

- Foreldrar fá upplýsingar um samstarf leik- og grunnskóla í upphafi síðasta skólaárs nemanda í leikskólanum
- Foreldraviðtöl í leikskólanum í mars- apríl
- Foreldrar nýrra nemenda við Álftanesskóla boðaðir á kynningarfund í mars-apríl
- Annar kynningarfundur í maí

## Grænfáninn

Við á Holtakoti erum Grænfánaskóli og höfum flaggað honum tvisvar sinnum árið 2010 fyrir flokkun á rusli og erum við svakalega dugleg að nota það sem tilfellur í föndur. Árið 2012 flögguðum við í annað sinn á þá fyrir lýðheilsu. Nú erum við komin af stað með vinnu vegna þriðja fánans og nú erum við að vinna með átthagana.

Vinnan að Grænfánaum hefur gengið vel, en það tók smá tíma í upphafi að koma þessu

## Uppbyggingarstefnan

Leikskólinn hefur frá opnun hafið innleiðingu uppbyggingarstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar í skólastarfinu. Höfundur stefnunnar er Diane Gossen en hún segir:

" Haltu því sem þú kannt, bættu við nýrri þekkingu "

Uppbyggingarstefnan er aðferð til að ýta undir jákvæð samskipti. Hún byggir á að ná samstöðu um lífsgildi og fylgja þeim eftir með fáum skýrum reglum.

Uppbyggingarstefnan miðar að því að kenna börnum og unglungum sjálfstjórn og sjálfsaga. Að læra af eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum.

Reyna að nota sem oftast í samskiptum

**Já en.....**

Í stað þess að segja nei er æskilegt að segja Já en .....eða já ef.....

Betra er að svara játandi og bæta skilyrði við. Það er jákvæðara þótt merkingin sé oft sú sama.

Dæmi: Má ég fá nammi ? Já, á laugardaginn þegar nammidagurinn er.

Dæmi: Má ég fara út ? Já, þegar þú ert búinn að læra / taka til dótið þitt.



## Fimm vonlaus viðbrögð

- afsakanir
- ásakanir
- skammir
- tuð
- uppgjöf

Allir gera mistök og uppbyggingarstefnan segir okkur að það sé í lagi. Það sem skiptir mestu máli er að við lærum af mistökunum og bætum fyrir þau.

Þegar börnum verður á í messunni, eins og kemur fyrir á bestu bæjum, er mikilvægt að hinir fullorðnu bregðist rétt við. Það hefur lítinn tilgang að fara að skammast og rífast.

Það sem ber helst að forðast eru vonlausu viðbrögðin fimm: afsakanir, ásakanir, skammir, tuð og uppgjöf. Það sem skiptir máli er hvað barnið ætlar að gera næst og hvernig er hægt að leysa málið.

Með öðrum orðum - við horfum fram á við og einbeitum okkur að lausninni, enni að vandamálinu. Í lausninni er fólgin sá lærdómur sem við drögum.

### Skýr mörk

Uppbyggingarstefnan gengur út á að einstaklingurinn læri að fá þörfum sínum fullnægt án þess að ganga yfir þarfir annarra - það er ekki í boði. Til að stuðla að öryggi og vellíðan allra í leikskólanum þurfa að vera skýr mörk um hvað má og hvað má alls ekki gera - yfir þau mörk má ekki fara og ef það er gert hefur það afleiðingar í för með sér (rætt um málsatvik, tekin út úr hóp tímabundið, missir af einhverju.....).

Þessi mörk eru:

- ekkert ofbeldi ( slagsmál, meiða aðra )
- ekki skemma eða taka það sem maður á ekki
- ekki trufla skólstarfið eða aðra sem eru að vinna
- ekki mismuna öðrum vegna t.d. uppruna, litarháttar, fötlunar

## Foreldrasamstarf

Við leggjum áherslu á gott og öflugt foreldrasamstarf. Markmið okkar er að foreldrum jafnt sem börnum líði vel á koma í skólann og líði vel að vera hér. Þátttökuaðlögunin kemur sterk þarna inn þar sem allt að 6 foreldrar á deild eru saman í aðlögun og eru alveg með fyrstu 3 dagana, þannig kynnast foreldrar innbyrðis, þau kynnast starfsfólkinu vel, öðrum börnum og ekki síst starfinu í heild sinni. Við höfum fengið góða umsögn frá foreldrum hvað þetta sé frábær aðlögun.

Auk þess erum við með nokkra viðburði yfir árið þar sem foreldrar koma að og er alveg ótrúlega góð mæting og gaman að sjá að með hverju ári gefur fólk sér meiri tíma til að koma og vera með. Það má

nefna meðal annars, opið hús vegna afmælis og fyrsta í aðventu, mömmu og ömmu kaffi, pabba og afakaffi og sumarhátíðina.

Við erum með starfrækt foreldrafélag sem styður við ýmsa viðburði innan skólans eins og sumarhátíðna, þá bjóða þau upp á hoppukastala, jólagjafir, rútuferðir, sveitferð og fleira skemmtileg sem þeim dettur í hug.

## Starfsmannahald

Starfsmannahaldið er búið að vera fínt, þetta er sjö ára gamall skóli og er stöðuleiki starfsfólk alltaf meiri og meiri. En hluti starfsfólki er ungt fólk sem staldrar við á leið í framhaldsnám. Það er yndislegt viðbót og ferskur andblær sem fylgir þessu unga fólki. Starfsmenn voru 23 þetta skólaárið og hefur það gengið vel..

## Símenntun

Við erum mjög dugleg að sinna símenntun og voru flest allir sem hafa farið á námskeið það sem af er þessu ári og reyndum við að hvetja alla til að finna eitthvað við sitt hæfi. Meðal annars er búið að fara á læsi og samskipti í leikskólum, heilbrigði og velferð, skapandi skrif, sköpun og menning, leikskólakennarar á tímamótum, kynning á færnislista og fjarvistarstjórnun. Svo vonum við að á haustönninni að við getum haldið áfram að vera svona öflug. Þetta gefur innpútt inn í starfið að senda fólk á námskeið og hvetur það til að halda áfram eða efla þætti innan leikskólastarfsins. Auk þess vorum við með fyrirlesara á starfsmannafundum meðal annars fulltrúa frá VIRK verkefninu. Mikið hefur verið komið að heimsækja okkur og skoða skólann vegna áherslu okkar sem Heilsuleikskóli. Bæði er eldhúsið hér til mikillar fyrirmyndar auk þess að við erum alltaf að gera betur hvað hreyfingu varðar. Bættu við sundkennslu í vetur sem foreldrar völdu fyrir tvo elstu árganganna og borguðu sjálf. En á komandi skólaári erum við komnar með íþróttافرæðing í vinnu sem ætlar að sjá um sundkennslu fyrir elstu börn skólans án gjalds og er búin að vera mikill og góð umræða við Kára íþrótt- og tómstundafulltrúa vegna þessara mála meðal annars til að fá aðgang að sundlaug og íþróttahúsi.

Í sumarstarfinu er búið að vera markvisst að kynna elstu börnunum fyrir fótbolta, handbolta, körfubolta, fimleikur og fleira með því að fá að koma inn í tíma á námskeiðum Garðabæjar og var alveg yndislegt að sjá hvað allir vorum boðnir og búnir að leyfa okkur að koma með hópinn og kynna þessar íþróttir fyrir börnunum.

## Fjöldi barna

Fjöldi barna á leikskólanum er 79 frá 2007-2011 og á haustönninni tókum við börn frá 10-12 mánaða inn þar sem pláss var til að taka þau inn. Frá opnun skólans höfum við verið að taka inn börn frá eins árs þangað til reglunni var breytt og hefur verið alveg yndislegt að taka þau inn og sjá þau vaxa og dafna hjá okkur.

## Sérkennsla

Nú um áramót var ráðin til okkar 100% sérkennslustjóri og hefur hún yfirumsjón með börnum sem þurfa meiri utan um hald auk tvítyngdu barnanna sem þurfa aukátíma til að læra tungumálið okkar. Hefur hún verið að klára þá vinnu sem hún var með að halda utan um barn með asperger og setja sig inn í nýtt hlutverk að vera sérkennslustjóri og meðal annars fór hún í heimsókn til annars sérkennslustjóra í Garðabæ ásamt því að sitja fund með leikskólastjóra og sérkennslufulltrúa Garðabæjar.

## Virk

Um áramótin gengum við inn í VIRK starfsmannastefnuna þar sem við urðu Garðabær. Það er gott stuðningsnet að hafa VIRK og styður við stjórnendur í starfi.

## Innleiðing aðalnámskrár

Við höfust handa við innleiðingu nýrra aðalnámskráar janúar 2013. Við höfum verið að milli bæjarfélaga og vorum svolítið einar við að finna hvaða leiðir ætti að fara þar sem engin skólaskrifstofa var sem stuðningsnet fyrir okkur. En á haustönninni fóru stjórnendur á sameiginlega starfsdaga hjá Hafnarfjarðarbæ þar sem við mátti sitja fundi með þeim meðan við vorum Álftanes. Eftir að við komum í Garðabæ og komin með leyfi fyrir fundum fóru hjólin að snúast þar sem nú gafst svigrúm til að vinna með fólkinu að þessu ferli. Við skiptum fólki í hópa með hvern lið, síðan þurfti hver hópur að kynna sína vinnu og aðrir að koma með athugasemdir eða vera sammála. Þetta gekk mjög vel síðan hafa allir fagaðilar í húsinu komið að námskránni á einhvern hátt með því að koma henni í eina heild á pappír. Þetta varð ótrúlega öflugt og góð samvinna þegar við komumst á flug

## Húsnæði og viðhald

Húsnæði leikskólans var byggt 2006 og er skólinn því rétt 7 ára. Viðhald á skólanum hefur ekki verið upp á marga fiska hingað til og bara sinnt því brýnasta sem upp hefur komið, en eðlilegt viðhald eins og málun á skóla látið sitja á hakanum þar til ein deild var máluð sumarið 2012. Það eykur verðgildi húsnæðis að hugsa vel um það og ganga vel um það og því tel ég það afar mikilvægt að þessu sé sinnt og hefur annað verið upp á teningnum eftir að við sameinuðumst Garðabæ.

## Lokaorð

Þetta skólaár 2012-2013 hefur verið viðburðarríkt. Við gengum inn í sameiningu um áramót og var það alveg nýr kafli fyrir okkur að ganga inn í svona öflugt samstarf eins og skólaskrifstofan er í Garðabæ. Þannig að mikill vinna er búin að liggja á okkur að uppfylla öll skilyrði og setja okkur inn í allt ferlið sem Garðabær er með. Eins og til dæmis að hafa opið allt sumarið, það var svolítið erfiður póstur fyrir starfsfólkið það sem önnur stemming myndast við að allir eru að fara saman í frí og koma inn á sama tíma. Þetta er mikill tími og mikið þúsuspil að koma sér inn í þessa vinnu og verður eflaust auðveldari að ári. Allar þessar breytingar taka á starfsmannahópinn en við komust yfir þær og þakka ég mínu frábæra samstarfsfólki fyrir að láta hlutina ganga svona vel upp.